

## **SAMNINGUR MILLI DANMERKUR, FINNLANDS, ÍSLANDS, NOREGS OG SVÍÞJÓÐAR UM NORRÆNA MENNINGARSJÓÐINN**

Fyrsti samningur um Norræna menningarsjóðinn var undirritaður 3. október 1966 og gekk í gildi 1. júlí 1967. Við honum tók nýr samningur sem undirritaður var 12. júní 1975 og gekk í gildi 1. desember 1976.

Breytingar á samningnum frá 12. júní 1975 voru undirritaðar 3. desember 1990 og gengu í gildi 3. maí 1991. Nýjar breytingar voru undirritaðar 31. október 2001 og gengu í gildi 22. janúar 2003. Nýjar breytingar voru undirritaðar 5. apríl 2002 og gengu í gildi 5. mars 2004.

### **Markmið o.fl.**

#### **1. grein**

Norræni menningarsjóðurinn hefur þann tilgang að efla menningarlegt samstarf milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar svo og sjálfstjórnarsvæðanna Færeyja, Grænlands og Álandseyja.

#### **2. grein**

Starfssvið sjóðsins nær til norræna menningarsamstarfsins í fullu umfangi þess á Norðurlöndum og annars staðar. Framlög úr sjóðinum má þannig veita til verkefna á sviði rannsókna, kennslu og almennrar menningarstarfsemi í víðum skilningi.

Einnig má veita styrki til upplýsingastarfsemi á Norðurlöndum og annars staðar varðandi norrænt menningarsamstarf og menningarlíf á Norðurlöndum.

#### **3. grein**

Af fé sjóðsins má veita styrki til norrænna verkefna sem framkvæmd eru einu sinni. Auk þess má veita styrki til norrænna langtímaverkefna, þó á tímabili sem stjórn sjóðsins ákveður, og eins verkefna sem endurtekin eru.

### **Fé sjóðsins**

#### **4. grein**

Starfsár og fjárlagaár sjóðsins fylgir almanaksárinu. Fé sem sjóðinum er látið í té, kemur fram á fjárlögum Norrænu ráðherranefndarinnar.

## 5. grein

Fé, sem sjóðinum er látið í té, hefur sjóðurinn til umráða einnig eftir lok þess árs, sem greiðsla til sjóðsins átti sér stað.

## 6. grein

Norræni menningarsjóðurinn er norrænn sjóður með þau sérstöku tengsl við Norðurlandaráð og Norrænu ráðherranefndina sem fram koma í þessum samningi. Sjóðurinn er sjálfstæður lögaðili.

Undirskrift stjórnar eða þeirra sem stjórnin veitir til þess umboð skuldbindur sjóðinn.

Sjóðurinn getur fengið eignir að gjöf eða erfðum, að því tilskildu að ekki séu í því sambandi sett nein þau skilyrði sem samrýmast ekki tilgangi sjóðsins.

## **Starfsemi sjóðsins**

## 7. grein

Sjóðsstjórn annast umsýslu sjóðsins, úthlutar fé hans og stjórnar starfsemi hans að öðru leyti. Stjórnin ákveður einnig um viðtöku gjafa eða arfleiðsluskrár, svo og hversu ávaxta skuli fé sjóðsins.

Sjóðsstjórn er skipuð þrettán stjórnarmönnum. Fimm þeirra eru skipaðir af Norðurlandaráði, einn frá hverju landi. Norræna ráðherranefndin skipar einnig fimm fulltrúa, einn frá hverju landi. Á sama hátt er skipaður persónulegur varamaður fyrir hvern stjórnarmann. Þá eru skipaðir þrjú fulltrúar frá Færeyjum, Grænlandi og Álandseyjum hverju fyrir sig. Norðurlandaráð velur fulltrúa og persónulegan varamann frá Færeyjum fyrir annað hvert skipunartímabil og Norræna ráðherranefndin fyrir skipunartímabilin þar á milli. Norræna ráðherranefndin velur fulltrúa og persónulega varamenn Grænlands og Álandseyja hvors um sig fyrir annað hvert skipunartímabil og Norðurlandaráð fyrir skipunartímabilin þar á milli.

Stjórnarmenn og varamenn þeirra eru skipaðir til tveggja almanaksára í senn. Láti stjórnarmaður eða varamaður af starfi áður en skipunartímabili lýkur skal skipa eftirmann hans til loka tímabilsins. Stjórnin kýs úr sínum hópi formann og varaformann til eins almanaksárs í senn. Stjórnarformaður skal vera frá sama landi í tvö ár samfleytt.

## 8. grein

Sjóðsstjórn er ályktunarbær þegar formaður eða varaformaður og eigi færri en sjö aðrir stjórnarmenn eru viðstaddir. Stjórnin tekur ákvarðanir með einföldum meirihluta atkvæða. Séu atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns.

## 9. grein

Stjórnin getur ákvarðað þóknun til stjórnarmanna.

## 10. grein

Haga ber skrifstofustarfsemi sjóðsins og stjórn starfsmannamála og fjármála í samræmi við ákvarðanir stjórnar. Sjóðinum er heimilt að gera stjórnarsýslusamning við Norrænu

ráðherranefndina, Norðurlandaráð eða annan lögaðila um að annast skrifstofustarfsemi svo og stjórn starfsmannamála og fjármála. Stjórnsýslusamningur sjóðsins við Norðurlandaráð er háður því að ráðið annist sjálfstjórn starfsmannamála og fjármála.

#### **11. grein**

Sjóðurinn greiðir þóknun, ferðakostnað, dagpeninga, skrifstofu- og stjórnunarkostnað ásamt öðrum kostnaði í tengslum við starfsemi sjóðsins. Enn fremur er heimilt að greiða kostnað vegna sérstakrar sérfræðiaðstoðar.

#### **12. grein**

Sjóðurinn hefur aðsetur í því landi þar sem skrifstofa sjóðsins er.

#### **13. grein**

Stjórnin samþykkir starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um starfsemina.

#### **Bókhald og endurskoðun**

#### **14. grein**

Bókhaldsár sjóðsins fylgir almanaksárinu.

#### **15. grein**

Norðurlandaráð ákveður reglur um endurskoðun á stjórnun og bókhaldi sjóðsins.

#### **16. grein**

Ársskýrsla stjórnar og skýrsla endurskoðanda berist Norrænu ráðherranefndinni og Norðurlandaráði eigi síðar en 1. september eftir að starfs-, fjárlaga- og reikningsári lýkur. Norðurlandaráð tekur ákvörðun um að samþykkja uppgjör sjóðsins.

#### **Lokaákvæði**

#### **17. grein**

Þennan samning skal fullgilda og fullgildingarskjöl þar að lútandi skulu varðveitt í danska utanríkisráðuneytinu.

Samningurinn gengur í gildi þann fyrsta í þeim mánuði sem byrjar eftir þann dag sem fullgildingarskjöl allra aðila hafa borist.

#### **18. grein**

Óski einhver samningsaðilanna að segja upp samningnum skal skrifleg tilkynning þar að lútandi hafa borist dönsku ríkisstjórninni, og lætur hún aðra samningsaðila samstundis vita um erindið og hvenær það barst.

Samningurinn gengur úr gildi fyrsta dag þess almanaksárs sem fylgir á eftir uppsögninni, svo framarlega sem uppsögn hefur borist dönsku ríkisstjórninni í síðasta lagi 30. júní, annars fellur hann úr gildi fyrsta dag þar næsta almanaksárs.

Þegar samningurinn er fallinn úr gildi, skulu eignir og skuldir sjóðsins skiptast milli aðilanna í samræmi við hlut ríkjanna í fjárlögum Norrænu ráðherranefndarinnar.

Samningurinn skuli varðveittur í danska utanríkisráðuneytinu sem lætur hverjum aðila í té staðfest afrit af samningnum.

*7. og 8. grein íslenskrar útgáfu samningsins voru undirritaðar 2001 og 1., 2., 6., 9., 10., 11. og 12. grein íslenskrar útgáfu samningsins voru undirritaðar 2002. Aðrar greinar samningsins eru þýðingar á dönsku útgáfu samningsins.*